

Nd.

201. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

28. gr. laga nr. 21 1. febr. 1936 orðist þannig:

Nemendur í íslenskum fræðum geta valið um, hvort þeir ganga undir kandidatspróf eða meistaraþróf. Kennararnir í íslenskum fræðum dæma einir um úrlausnir í meistaraþrófi. Meistarar greiða sama gjald fyrir prófvottorð sem kandidatar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni hæstv. menntamálaráðherra. Til skýringar málinu er birt hér sem fylgiskjal bréf háskólarektors og greinargerð heimspekideildar háskólans.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 28. febr. 1946.

Heimspekideild Háskólans hefur farið þess á leit við háskólaráð, að það gengist fyrir því, að 28. gr. háskólaganna yrði breytt á þann veg, er greinir í meðfylgjandi lagafrumvarpi. Gerði deildin svofellda grein fyrir þessari beiðni sinni:

„Með reglugerð háskólans 9. okt. 1912 var stofnað meistaraþróf í íslenskum fræðum. Var það ekki aðeins miðað við, að nemandinn sýndi góða þekkingu á þessum fræðum, heldur og visindalega hæfni. Þess vegna var gert ráð fyrir alltimafreku sérnámi og ritgerð, sem nemandinn ynni að í langan tíma. Þetta próf hélzt til 1934, er gerð var (15. febr.) reglugerðarbreyting, þar sem stofnað var kennaraþróf í íslenskum fræðum (tekið upp í háskólalögin 23. júní 1936). Ástæða þess, að það var tekið upp, var sú, að ekki virtist eðlilegt að heimta, að menn, sem aðeins hugðu á kennslu í framhaldsskólum, legðu á sig langvarandi visindalegt sérnám auk hinnar almennu þekkingar í íslenskum fræðum, sem af öllum hlýtur að vera heimtað.

Afstaða þessara tveggja prófa var ákveðin á þann hátt, að nemandi, sem tekið hefði kennaraþróf, gæti að því loknu gengið undir meistaraþróf. Reynslan hefur sýnt, að heppilegra muni vera að haga þessu öðruvísi. Það hefur komið í ljós, að enginn kandidat með kennaraþrófi hefur síðan gengið undir meistaraþróf, hins vegar hafa, frá því kennaraþrófi var komið á fót, 5 nemendur gengið undir meistaraþróf samkvæmt hinum fyrri reglum, þ. e. án þess að taka kennaraþróf (en rétt til þess höfðu þeir vegna þess, að þeir höfðu hafið nám, áður en breytingin var ger).

Samkvæmt þessu virðist heppilegt að greina þessi tvö próf sundur, og mun það vera í samræmi við það, sem tíðkast í þeim löndum, sem hafa próf skyldust þessum (Noregi og Danmörku). Telja má víst, að þó að kennaraþrófið sé auðveldara, muni alltaf verða einhverjir nemendur, sem heldur kjósa að ganga undir meistaraþróf, ef þeim er ekki gert því erfiðara fyrir um það. Enda er þetta alveg eðlilegt, og það virðist skynsamlegt að hafa þá skipun á þessum málum, að jafnt sé tekið tillit til þeirra, sem leggja mesta rækt við hagkvæma þekkingu, og hinna, sem hneigjast að visindalegum rannsóknum. Hvors tveggja þarf við.“

Háskólaráðið hefur fallizt á þessa tillögu deildarinnar, og leyfi ég mér því hér með að senda yður, herra menntamálaráðherra, frumvarp til laga um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936, er gengur í þessa átt, með beiðni um, að þér vilduð stuðla að því, að téð frumvarp verði að lögum.

Ólafur Lárusson,
rektor.

Til menntamálaráðherra.